

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Árböðin í Laugarási, L167389 - Holtagata 1a, dreifiskápur.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til deiliskipulags að Laugarási. Í breytingunni felst skilgreining á reit fyrir dreifiskáp RARIK.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. desember 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Miðdalskot, L167643, skilgreining og stofnun lóða og breyting á vegakerfi.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Miðdalskots. Í breytingunum felst að gert verði ráð fyrir að um byggingarreit, sem í gildandi deiliskipulagi er merktur nr. 2, verði skilgreind 2.564 fm lóð, Miðdalskot 2. Stærð byggingarreits er um 1.300 fm og byggingarheimildir innan hans verða óbreyttar. Á reitnum/lóðinni hefur þegar verið reist íbúðarhús (164,4 m²) byggt 2003 og bílskúr (63,0 m²) byggður 2016. Enn fremur er gert ráð fyrir nýrri 16.076 fm lóð merkt nr. 6. Þar er gert ráð fyrir að reist verði allt að fimm hús undir gístiaðstöðu (ferðaþjónustu) og starfsemi því tengd. Húsin mega vera allt að 100 fm hvert. Heildarflatarmál bygginga á lóðinni má ekki fara yfir 500 fm og gistirúm mega vera allt að 30. Mænishæð húsa á lóðinni, frá jörðu, skal ekki vera meiri en 6 m frá botnplötu. Þakhalli má vera 0-45 gráður. Að auki eru gerðar lítilsháttar breytingar á vegakerfi svæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Reykholtsskóli, L167198, kvöð vegna aðkomu að lóð.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til skilgreiningar á kvöð er varðar aðkomu að Reykholtsskóla.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. desember 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Þrívörðuás 4, L213991, rekstrarleyfi í flokki II.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Þrívörðuáss 4, L213991. Í breytingunni felst að veitt verði heimild til rekstrarleyfisskyldrar starfsemi í formi útleigu á frístundahúsum innan skipulagssvæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 30. október 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. janúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.